



Vatnsnesveg 8, Keflavík, Sími 421-3155.

Ársskýrsla 1997.

Mikið starf var að venju hjá Bygðasafni Suðurnesja á árinu 1997.

Safnahúsið á Vatnsnesi hefur að venju verið opið almenningi til sýnis alla sunnudaga ársins frá kl. 13.30 til 17.00, undir leiðsögn Skúla Magnússonar, og að venju var það einnig haft opið 17. júní. Safnahúsið í Innri-Njarðvík var einnig haft opið alla sunnudaga og auk þess var sú nýbreytni gerð í sumar að hafa bæði söfnin opin að auki bæði föstudaga og laugardaga, en það bar ekki árangur sem skildi, vegna lélegra sem engra auglýsinga eða kynninga.

Samvinna við grunnskólann hefur verið samfleytt síðan 1986, og kemur allur 4. bekkur hans árlega til verkefnagerðar undir leiðsögn kennara sinna og forstöðumanns safnsins. Í þetta sinn var það á tímabilinu 7. til 14. maí. Einnig hafa margir aðrir hópar komið bæði eldri fermingahópar og úr ýmsum skólum, frá starfshópum og mikið af erlendum hópum. Safnið hefur einnig verið til sýnis virka daga hafi þess verið óskað, og hefur það verið talsvert nýtt.

Frá því á vordögum hefur mest öll vinna verið fólgin í að byggja upp skjalasafn fyrir bæjarfélagið í kjalla hússins “Kjarna” að Hafnargötu 67, en þar hefur verið gengið frá góðri og varanlegri 268 m² geymslu til þessara nota, með hillum og góðum skápum, í sama húsi og Bókasafn Reykjanesbæjar er til staðar. Skjöl hafa verið flokkuð, þau merkt, skráð og færð inn í tölvu og komið fyrir í varanlega geymslu í öskjum. Þetta hefur verið mikil vinna og fékk forstöðusmaður, aðstoðarmann til verksins í sex mánuði, eða frá 16. júní til 15. des., og gerði það baggamunin á, hversu miklu var afkastað og vel tókst til. Segja má að búið sé að ganga frá öllum skjölum frá Keflavík, Njarðvík og einnig frá Höfnum, þó er enn að berast úr Höfnum frá fyrri tíð sem farið er að vinna við. Auk nokkurra sér skjalasafna er safninu hefur borist.

Nokkuð var unnið við myndaskráningu í sérunnið myndaförrið á tölvu fyrri hluta ársins, auk annara margþættra starfa í þröngum og erfiðum húsakynnum.

Mikið af munum og myndum hefur borist til safnsins frá ýmsum aðilum eins og undanfarin ár. Margir hafa komið til safnsins, lánað því myndir úr eldri og yngri sögu bæjarins til eftirtöku. Filmur hafa verið teknar af þeim, sem bíða frekari úrlausnar síðar meir.

Frammundan er áfram óþrjótandi vinna við skráningu, bæði í skjalasafni, og þó einkum við skráningu mynda og muna, og er það einlæg ósk forstöðumanns að aðstoðarmaður fái ráðinn á næsta ári, svo hægt sé að afkasta sem mestu á meðan tök eru á.

Keflavík 2. janúar 1998,
Guðleifur Sigurjónsson.
forstöðumaður.